

Nd.

189. Nefndarálit

[4. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum sínum. Enn fremur hafa verið haldnir sameiginlegir fundir sjávarútvegsnefnda beggja deilda um málið.

Meiri hluti nefndarinnar hefur náð samkomulagi um breytingartillögur við frv., sem fluttar eru á sérstöku þingskjali, en mælir að öðru leyti með samþykkt frv.

Við meðferð málsins hefur náðst samkomulag við sjávarútvegsráðuneytið um meðferð ýmissa þátta og mun þess sérstaklega getið í framsögu.

Undirrituðum nefndarmönnum er ljós knýjandi nauðsyn þess, að mál þetta nái hið fyrsta fram að ganga, svo að hefja megi greiðslur gengishagnaðarins til útvegsins. Þess vegna mæla þeir eindregið með, að frv. nái lagagildi svo fljótt sem kostur er. Undirritaðir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 18. des. 1974.

Pétur Sigurðsson,
form.

Sverrir Hermannsson,
fundaskr., frsm.

Tómas Árnason.

Ragnheiður Sveinbjörnsdóttir.

Guðlaugur Gíslason.